

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HRUNAMANNAHREPPS 2016-2032

Stefna fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli

Hluti frístundabyggðar verður íbúðarbyggð

27.01.2026

Breytt 30.03.2026

HMS Húsnæði Mannvirki Skipulag
Mótt.: 5. JÚNÍ 2026
Málnr. 2025040032



Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var ~~samþykkt af~~ sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 16.04.2026

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
skipulagsfulltrúi

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 8. apríl 2026

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 10.04.2025 með athugasemdafresti til: 02.05.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: 28.08.2025 með athugasemdafresti til 19.09.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 12.02.2026 með athugasemdafresti til: 27.03.2026

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL	HÖFUNDUR
109938-01-GRG-001-V02	IS
	RÝNT
	AB/ÁJ

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR 4
1.1 Skipulagsgögn 4
2 FORSENDUR 4
2.1 Staðhættir í Birkibyggð 4
2.2 Minjar 4
2.3 Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 5
2.4 Landsskipulagsstefna 2024-2038 6
2.5 Deiliskipulag 6
2.6 Vatnaáætlun 2020-2027 6
3 AÐALSKIPULAGSBREYTING 6
3.1 Breytingar á uppdrætti 6
3.2 Breytingar á greinargerð 7
4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA 8
4.1 Umhverfisþættir og áherslur 8
4.2 Valkostir og umhverfisáhrif 9
4.2.1 Niðurstaða 10
5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ 11
5.1 Umsagnaraðilar 11
5.2 Skipulagsferli 11

1 INNGANGUR

Hrunamannahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Með breytingunni eru settir skilmálar og heimildir fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli og hluta af frístundabyggðinni F9 Kjóabyggð/Álftabyggð er breytt í íbúðarbyggð. Alls eru það 12 lóðir sem verður breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Sveitarfélagið er hlynnt fjölgun íbúa og vill að fólk geti haft fasta búsetu og valið sér það búsetufyrirkomulag sem best hentar hverjum og einum.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með forsendum og umhverfismatsskýrslu, ásamt aðalskipulagsuppdrætti.

2 FORSENDUR

Undanfarin ár hefur verið eftirspurn í sveitarfélaginu eftir að búa í dreifbýli án tengsla við landbúnað. Sveitarfélagið hefur hingað til viljað beina uppbyggingu í þéttbýlið á Flúðum og þar er talsverð uppbygging í gangi. Það eru þó ekki allir sem vilja búa í þéttbýli heldur hafa rýmra í kringum sig og vera meira í tengslum við náttúruna. Þá hafa greiðar samgöngur og möguleikar á fjarvinnu breytt verulega atvinnu- og búsetumöguleikum og dæmi um að fólk dvelur hluta úr ári í frístundahúsum sínum og stundar vinnu þaðan. Sveitarfélagið vill koma til móts við þennan hóp fólks og að fólk geti valið milli fastrar búsetu í þéttbýli, dreifbýli eða minni íbúðarkjörnum.

Í aðalskipulagsbreytingunni eru settir skilmálar fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli. Einu svæði, Birkibyggð vestan við Flúðir, er breytt úr svæði fyrir frístundabyggð í íbúðarbyggð. Þó Birkibyggð liggi að þéttbýlinu á Flúðum þá vill sveitarfélagið ekki breyta þéttbýlismörkum heldur heimila íbúðarbyggð í dreifbýli. Búist er við að á næstu mánuðum og árum komi fleiri óskir landeigenda/lóðarhafa um samsvarandi breytingar á landnotkun eða óskir um ný svæði fyrir íbúðarbyggð. Sveitarfélagið vill vera undir það búið að geta brugðist við slíkum óskum, enda séu þær í samræmi við nýja stefnu fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli sem sett er fram í kafla 3.2.

2.1 Staðhættir í Birkibyggð

Í Birkibyggð er skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar að finna grasengjavist (hátt verndargildi), starungsmýrarvist, og runnamýrarvist á láglendi (mjög hátt verndargildi). Flestum lóðum hefur verið raskað og ¾ þeirra eru byggðar.

2.2 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið á svæðinu. Skv. minjavefsjá Minjastofnunar Íslands er ekki að finna þekktar minjar.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

2.3 Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Stefna um frístundabyggð, kafli 2.3.1


- Ný hverfi verði að jafnaði í tengslum við núverandi sumarhúsabyggð.
- Sameiginlegar veitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis.

TAFLA 1. Skilmálar gildandi aðalskipulags fyrir frístundabyggðina F9.

NR.	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRÐ
F9	Kjóabyggð/Álftabyggð	Nokkrar lóðir eru byggðar. Deiliskipulag af hluta svæðisins fyrir 62 lóðir. Stærð svæðis er um 66 ha.	Efra-Sel, Gröf Borgarás, Högnastaðir

Stefna um íbúðarbyggð, kafli 2.1.2

- Ekki verður gert ráð fyrir samfelldri íbúðarbyggð utan þéttbýlis á Flúðum.



MYND 1. Hluti af aðalskipulagi. Svæðið sem breytist er innan rauða hringsins.

Aðalskipulagsbreytingin gengur gegn þeirri stefnu sveitarfélagsins að íbúðarbyggð verði ekki heimiluð í dreifbýli. Bætt er úr því með breytingu á stefnunni.

2.4 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í landsskipulagsstefnu eru sett fram markmið til að stuðla að sjálfbærri þróun byggðar með því að tryggja jafnvægi milli náttúruverndar og mannlegra athafna. Viðhalda og efla samfélagslega og efnahagslega virkni í dreifbýli. Vernda landbúnaðarland og önnur verðmæt náttúrusvæði fyrir uppbyggingu. Efla staðbundið efnahagslíf með því að stuðla að fjölbreyttum atvinnumöguleikum utan þéttbýlis. Við skipulagsgerð verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að byggðarkjörnum.

Breytt skipulag gengur gegn landsskipulagsstefnu að því leyti að ekki er verið að beina búsetu í þéttbýli. Sveitarfélagið telur breytinguna engu að síður mikilvæga því hún styrkir búsetu í sveitarfélaginu og samfélagið þar.

2.5 Deiliskipulag

Upphaflegt deiliskipulag var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í maí 2013, og náði það til um helmings svæðisins, en á því eru 12 frístundalóðir. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á deiliskipulaginu, m.a. var svæðið stækkað.

Gerð verður breyting á deiliskipulagi, eða unnið nýtt deiliskipulag, og heimiluð íbúðarbyggð til samræmis við stefnu aðalskipulags. Settir verða skilmálar fyrir íbúðarbyggðina.

2.6 Vatnaáætlun 2020-2027

Á svæðinu er eitt vatnshlot skv. vatnavefsjá:

- 103-287-G Kerlingarfjöll-Hreppar. Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er óþekkt og það hefur ekkert skráð álag.

Ekki er búist við að breytingin hafi áhrif á ástand vatnshlota.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti.

3.1 Breytingar á uppdrætti

Um 8,5 ha af frístundabyggðinni F9 er breytt í svæði fyrir íbúðarbyggð ÍB12. Landbúnaðarland minnkar óverulega vegna aðlögunar svæða að landamerkjum í samræmi við landeignaskrá HMS.

3.2 Breytingar á greinargerð

Sett er stefna fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli í kafla 2.1.2 og skilmálar fyrir íbúðarbyggðina ÍB12 Birkibyggð. Frístundabyggðin F9 minnkar.

Stefna í gildandi skipulagi fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli, kafli 2.1.2

- Ekki verður gert ráð fyrir samfelldri íbúðabyggð utan þéttbýlis á Flúðum.

Gerð er grein fyrir byggingum í dreifbýli sveitarfélagsins í kafla 2.2.1 og 2.2.8.

Stefna í breyttu skipulagi fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli, kafli 2.1.2

- Ávallt séu í boði ýmis konar búsetukostir og húsagerðir sem ýta undir fjölbreytta samfélagsgerð, henta mismunandi fjölskyldumynstri og aldursskeiði, og valkostir séu um búsetu í dreifbýli og þéttbýli.
- Íbúðarbyggð sé að jafnaði utan góðs landbúnaðarlands (lands í flokki I og II), en getur eftir atvikum verið í jaðri svæða, eða þar sem sýnt er fram á að flokkun lands er önnur en gengið er út frá í aðalskipulagi.
- Íbúðarbyggð skal taka mið af yfirbragði dreifbýlis, byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Hús skulu felld að landi og umhverfi innan hverrar lóðar, leitast skal við að lágmarka rask á landi. Heimilt er að byggja einbýlishús á 1-2 hæðum.
- Íbúðarbyggð skal taka tillit til verndarsvæða og svæða sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda eða hvers konar minja.
- Íbúðarbyggð skal vera í nágrenni við núverandi vegi og veitukerfi, íbúðarhús verði að jafnaði ekki fjær stofn- eða tengivegum en 1000 m og ekki fjær héraðsvegum en 500 m.
- Fyrir hverja íbúðarbyggð skal liggja fyrir samkomulag um þá þjónustu sem er veitt, s.s. gatnagerð, lagnir, snjómokstur, sorphirðu og skólaakstur. Samkomulagið skal, eftir því sem við á, útfært í deiliskipulagi.
- Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir hvernig nálgast má slökkvivatn.
- Deiliskipuleggja skal svæði fyrir íbúðarbyggð. Í deiliskipulagi skal þess gætt að íbúðir hafi eðlileg tengsl við náttúru, útivistarsvæði og að staðsetning vistarvera taki mið af dagsbirtu og útsýni. Huga skal að hljóðmengun vegna umferðar, á þeim svæðum sem við á.

Íbúðarlóðir skulu að jafnaði vera á milli 0,5- og 1,0 ha að stærð, nýtingarhlutfall allt að 0,05. Heimilt er að byggja íbúðarhús og bílskúr innan lóða. Á lóðum sem eru minni en 0,5 ha er hámarks byggingarmagn 200 m^2.Gerð er grein fyrir öðrum byggingum í dreifbýli sveitarfélagsins í kafla 2.2.1 og 2.2.8.

TAFLA 2. Íbúðarbyggð í dreifbýli.

NR.	HEITI	LÝSING	STÆRÐ HA	FJÖLDI ÍBÚÐA
ÍB12	Birkibyggð	Heimilt er að byggja einbýlishús á einni eða tveimur hæðum. Við framkvæmdir skal leitast við að lágmarka rask á landi.	8,8	12

Stefna fyrir frístundabyggðina F9 í gildandi skipulagi, kafli 2.1.3

TAFLA 3. Stefna fyrir frístundabyggðina F9 í gildandi skipulagi.

NR	HEITI	LÝSING	JÖRÐ
F9	Kjóabyggð/ Álftabyggð	Nokkrar lóðir eru byggðar. Deiliskipulag af hluta svæðisins fyrir 62 lóðir. Stærð svæðis er um 66 ha.	Efra-Sel, Gröf Borgarás, Högnastaðir

Stefna fyrir frístundabyggðina F9 í breyttu skipulagi, kafli 2.1.3

TAFLA 4. Stefna fyrir frístundabyggðina F9 í breyttu skipulagi.

NR	HEITI	LÝSING	JÖRÐ
F9	Kjóabyggð/ Álftabyggð	Nokkrar lóðir eru byggðar. Deiliskipulag af hluta svæðis. Heimilt að vera með allt að 60 lóðir. Stærð svæðis er 57,8 ha.	Efra-Sel, Gröf Borgarás, Högnastaðir

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

4.1 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 5 og leitast við að svara matsspurningum.

TAFLA 5. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag *Landslag.* *Ásýnd og sjónræn áhrif.*	Aðalskipulag • Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Landsskipulagsstefna 2024-2038 • Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag og ásýnd svæða?
Vatnshlot *Ár, vötn og grunnvatn.*	Vatnaáætlun 2022-2027 • Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. • Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.	Hefur stefnan áhrif á ástand vatns, vistkerfi vatns eða vatnsverndarsvæði?
Gróður og dýr *Gróðurlendi og vistkerfi.*	Landsskipulagsstefna 2024-2038. • Áhersla á að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika.	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Fuglar.	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Einkum 61. gr.	sem njóta verndar eða eru mikilvæg?
Samfélag *Íbúar.*	Landsskipulagsstefna 2024-2038 • **Skipulag landnotkunar í dreifbýli styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli. Ákvarðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu taki mið af staðareinkennum, svo sem víðernum, sérkennum landbúnaðarlands, verndarsvæðum, varðveislu nytjalands og menningarlandslags.**	Styður stefnan við búsetu og samfélag í dreifbýli og sveitarfélaginu almennt?
Heilnæmt umhverfi *Mengun.*	Landsskipulagsstefna 2024-2038 • Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis; vatnsvernd, vatnsveita, frá-veita, úrgangur, hljóðvist og loftgæði.	Hefur stefnan áhrif á mengun?
Loft *Losun og binding kolefnis.*	Landsskipulagsstefna 2024-2038. • Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Stefnt verði að því að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og jarðefnaeldsneyti fasað út í lofti, á láði og legi.	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis?

4.2 Valkostir og umhverfisáhrif

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Stefna í gildandi skipulagi. Þ.e. ekki er heimilt að vera með íbúðarbyggð í dreifbýli.
- Stefna í breyttu skipulagi. Heimilt er að vera með íbúðarbyggð í dreifbýli og hluta frístundabyggðar F9 er breytt í íbúðarbyggð ÍB12.

Áhrif af stefnu í gildandi skipulagi:

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Uppbygging í dreifbýli er í tengslum við núverandi bæjartorfur, og svo í þéttbýli. Dreifbýlisyfirbragð helst í sveitarfélaginu. Það er eðlilegur hluti af búsetu að mannvirki séu sýnileg.

Áhrif á vatnshlot eru óveruleg. Ekki er talið að stefnan valdi því að breytingar verði á ástandi vatns-hlota.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg. Við alla uppbyggingu í byggð verður rask á gróðri og í flestum tilfellum hefur uppbygging og búseta einhver áhrif á fugla. Sum dýr/fuglar njóta góðs af nálægð við manninn eða búsetu. Til að minnka áhrifin er í gildandi skipulagi stefna um verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og að stuðlað skuli að umhverfislegum gæðum.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Heimiluð er búseta í tengslum við bæjartorfur í dreifbýli og svo í þéttbýli. Þetta styður við búsetu og samfélagið í sveitarfélaginu.

Áhrif á heilnæmt umhverfi eru óveruleg. Reiknað er með að tekið sé tillit til vatnverndar og meðferð úrgangs sé skv. lögum og reglugerðum.

Áhrif á loft eru jákvæð/neikvæð. Gróður umhverfis bæjartorfur bindur kolefni. Neikvæð áhrif verða vegna aksturs til og frá heimili, en þar sem sífellt fleiri velja farartæki með umhverfisvænum orkugjafa þá dregur smám saman úr neikvæðum áhrifum.

Áhrif af stefnu í breyttu skipulagi:

Áhrif á land og landslag eru jákvæð/neikvæð. Búast má við að meira land fari undir byggð því lóðir í íbúðarbyggð í dreifbýli eru alla jafnan stærri en í þéttbýli, hefur þetta neikvæð áhrif. Með því móti helst dreifbýlisyfirbragð sem er í samræmi við skilmála gildandi skipulags. Það er eðlilegur hluti af búsetu að mannvirki séu sýnileg.

Áhrif á vatnshlot eru óveruleg. Ekki er talið að stefnan valdi því að breytingar verði á ástandi vatnshlota.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg. Við alla uppbyggingu í byggð verður rask á gróðri og í flestum tilfellum hefur uppbygging og búseta einhver áhrif á fugla. Sum dýr/fuglar njóta góðs af nálægð við manninn eða búsetu. Til að minnka áhrifin er í gildandi skipulagi stefna um verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og að stuðlað skuli að umhverfislegum gæðum.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Verið er að heimila fjölbreyttara búsetuform og má búast við að fleiri kjósi að búa í sveitarfélaginu, sem styður við samfélagið.

Áhrif á heilnæmt umhverfi eru óveruleg. Reiknað er með að tekið sé tillit til vatnsverndar og meðferð úrgangs sé skv. lögum og reglugerðum.

Áhrif á loft eru jákvæð/neikvæð. Gróður umhverfis íbúðarhús bindur kolefni. Neikvæð áhrif verða vegna aksturs til og frá heimili og með dreifðari búsetu má búast við meiri akstri. Hins vegar þá velja sífellt fleiri farartæki með umhverfisvænum orkugjafa og þá dregur smám saman úr neikvæðum áhrifum vegna aksturs. Eins eru margir sem eiga kost á fjarvinnu og vinna heima hluta úr viku, við það minnkar akstur.

4.2.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið vill koma til móts við þann hóp fólks sem kýs að búa í íbúðarbyggð í dreifbýli fremur en að búa í þéttbýli. Með þessu verða valkostir um búsetu fjölbreyttari og líklegt að íbúum fjölgi. Sveitarfélagið metur áhrif af breytingunni almennt vera jákvæð fyrir samfélagið í heild og við nýja íbúðabyggð, Birkibyggð er verið að breyta frístundabyggð í íbúðabyggð, og takmörkuð umhverfisáhrif þar sem svæðið var þegar ætlað til uppbyggingar.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt á vormánuðum. Umsagnir bárust frá fimm aðilum og eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda.


Aðalskipulagsbreytingin verður kynnt og auglýst í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

5.1 Umsagnaraðilar

- Náttúruverndarstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Brunavarnir Árnessýslu
- Bláskógabyggð
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur

5.2 Skipulagsferli

Eftirfarandi er líkleg tímaáætlun fyrir skipulagsferlið:




5.3 Breytingar eftir auglýsingu

Bætt er í stefnu fyrir íbúðarbyggð að í deiliskipulagi skuli gera grein fyrir hvernig nálgast megi slökkvivatn.

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016 - 2032

Sveitarfélagsuppdráttur - íbúðarbyggð í Birkibyggð



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

SKÝRINGAR

Atvinna og byggð


- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Opin svæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Íbúðarbyggð
- Íþróttasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Verslun og þjónusta

Samgöngur og veitur

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Slóðar
- Megin gönguleiðir
- Megin reiðleiðir
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Raflínur
- Vatsnveita

Takmarkanir á landnotkun

- Hverfisvernd
- Fornminjar undir hverfisvernd
- Náttúruvá
- Akuryrkjuland flokkur I og II
- Ræktað land
- Landamerki
- Sveitarfélagsmörk
- Þéttbýli
- Svæði breytingar



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.

N

0 0,4 0,8 1,5 2,3 3 km

EFLA

Umhverfis- og tæknirannsóknir
Uppsveitaskrifstofa
Skipulagsfulltrúi

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032
Íbúðarbyggð í Birkibyggð

Verk: 109938
Unnið: IS

Blaðstærð: A4
Rýnt: GAL

Mælikvarði: 1:50.000
Dags: 30.05.2025

Breytt dags: